

ÞORGERÐUR AÐALGEIRSDÓTTIR
Á stól sem hefur fylgt henni síðan úr æsku
 heimili græjur
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Glæsihús með Bláfjallasýn
 Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



STÚDENTABLAÐIÐ

H HÁSKÓLINN
M MENNING
P PÓLÍTÍK

fylgir
 Fréttablaðinu
 16. desember

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

26. nóvember 2007 – 322. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Erfitt að koma fólki á óvart

Magnús Oddsson ferðamálastjóri í fimmtán ár.

TÍMAMÓT 18

Fjórugt ástarlíf

Bítillinn Paul McCartney er orðaður við tvær konur á sama tíma og hann er enn kvæntur þeirri þriðju.

FÓLK 24

Lifir verkfallið af

Verkfall í Hollywood stöðvar ekki stórmynd Sigurjóns Sigvatssonar.

FÓLK 34



Dregið var í undankeppni HM í gær

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari er tiltölulega sáttur með riðil Íslendinga.

ÍPRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG



HÝNAR ÖRT UM ALLT LAND

Hiti yfir frostmarki á láglandi með rigningu eða slyddu um allt land. Suðlæggar áttir, lægir þegar liður á daginn, 3-8 m/s seinnipartinn.

VEDUR 4

Offitufaraldur þjóðarinnar kostar tvo milljarða á ári

Lægra verð og betra aðgengi að skyndimatvöru koma fram í ofþyngd meðal ungra Íslendinga. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hagfræðingur segir neyslumynstur nútímamannsins hafa fetað varasama slóð.

HEILBRIGÐISMÁL Offitufaraldur geislar á Íslandi og er þróunin einna verst hjá börnum og unglingum. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, umsjónarmaður meistaranáms í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands, segir að þetta geti leitt til þess að útgjöld heilbrigðiskerfisins aukist um hátt í tvo milljarða króna á ári miðað við að meðalþyngd Íslendinga aukist um eitt stig líkamspýngdarstuðulsins BMI. Tinna Laufey telur að þyngdaraukningin hafi verið mjög hröð síðasta einn og hálfan áratug og hröðust sé hún hjá börnum. „Ef maður yfirfærir erlendar niðurstöður má leiða að því líkur að heilbrigðis- og lyfjakostnaður nemi hátt í tveimur milljörðum króna á

ári. Ef við þyngjumst um tvö stig verður viðbótarkostnaðurinn nærri þremur eða fjórum milljörðum.“

Tinna Laufey hefur unnið hagfræðilega greiningu á holdafari Íslendinga og bendir í nýrri bók sinni, Holdafar, á að tækniþróun undanfarinna áratuga, til dæmis í matvælaíðnaði, hafi leitt til þess að framboð á fæðu hafi aukist, verðið lækkað og aðgengið að ódýrri skyndimatvöru vaxið verulega. Tímasparnaður og verðlækkun komi fram í ofþyngd því að dagleg störf krefjast minni hreyfingar en áður. Þetta komi sér sérstaklega illa fyrir börn og fólk sem eigi við sjálfstjórnarvanda að stríða.

„Neyslumynstur nútímamannsins hefur fetað slóð sem verður að teljast varasöm út frá heilsufarslegum sjónarmiðum.“

Hún telur að inngrip geti verið mjög vandasöm. Þess vegna sé mikilvægt að velja úrræði sem mestum árangri skili miðað við fórnarkostnað. Ef gripið verði inn í leggi hún meðal annars til að börnum og unglingum verði auðveldað aðgengi að hollum mat og aðstöðu til hreyfingar á skólatíma. Þá verði takmarkanir settar á markaðssetningu hitaæiningaríkrar fæðu. Ákveðnar matvörur, til dæmis gosdrykkir sem innihalda viðbættan sykurla, verði skattlagðar í samræmi við almenna skattheimtu í landinu.

- ghs



FJÖLBREYTT FIÐLUSAFN Jónas Dagbjartsson fiðluleikari og Laufey Karlsdóttir kona hans skoða fiðlur úr safni Rúnars Gunnars-sonar fiðlusafnara á Degi fiðlunnar. Elstu fiðlurnar eru frá fyrri hluta nítjándu aldar.

Gleði á Degi fiðlunnar:
Landslið fiðluleikara spilaði

MENNING „Þetta var stórkostlegur dagur,“ segir Margrét Bóasdóttir, formaður Félags íslenskra tónlistarmanna, um Dag fiðlunnar, sem haldinn var hátíðlegur í Gerðubergi í gær. Fjöldi tónlistarmanna sótti viðburðinn og „landslið fiðluleikara“ spilaði fyrir gesti, að sögn Margrétar.

Heiðursgestir dagsins voru fiðluleikararnir Gígja Jóhannsdóttir, Þorvaldur Steingrímsson og Jónas Dagbjartsson. „Ég er búinn að halda á fiðlu í 72 ár, byrjaði tíu ára gamall í Vestmannaeyjum,“ segir Jónas, sem er 81 árs gamall. „Þorvaldur var fyrsti kennarinn minn í Reykjavík, en hann er átta árum eldri en ég. Þá var hann fyrst að byrja að kenna í Tónlistarskólanum í Reykjavík.“

Jónas og Þorvaldur léku báðir í Sinfóníuhljómsveit Íslands frá stofnun hennar árið 1950.

- sgi

Patreksfirðingar velta fyrir sér hver útbúi hlýleg skilaboð og dreifi um bæinn:

Dularfull skilaboð valda heilabrotum

PATREKSFJÖRÐUR Patreksfirðingar hafa að undanfögnu fundið kærleiksrík skilaboð víðs vegar um bæinn. Svo virðist sem dularfulli skilaboðahöfundurinn sé á ferðinni að næturlagi. Á föstudagsmorgun þegar fólk mætti til vinnu í bænum biðu hlýlegar kveðjur á gluggum fyrirtækja og stofnana.

Áður hafa Patreksfirðingar fundið sambærileg skilaboð á bílrúðum sínum og á blöðrum sem hengdar hafa verið á ljósastaura bæjarins.

Haukur Már Sigurðsson, eigandi Essóskálans Smáulindar og verslunarinnar Fjölvals á Patreksfirði, segir skilaboðin ráðgátu samfélagsins og að allir séu að spá og spekulera hver geti verið að verki.

Hann segir þetta skemmtilegt uppátæki sem lyfti bæjarbúum upp í svartasta skammdeginu. Spurður kveðst hann ekki hafa hugmynd um hver sé hér á ferð. „Eins og eðlilegt er í svona litlu

samfélagi fara allar samsæriskennningar heimsins í gang og eru margir til kallaðir. Ég held þó að þetta séu tómar ályktanir og að útilokað sé að átta sig á því hver þetta er að svo stöddu,“ segir Halldór.

„Það er þó ljóst að viðkomandi er ekki mjög kvöldsvæfur og hann virðist hafa aðgang að góðri plöstanarvél,“ bætir hann við en skilaboðin eru öll vandlega plöstuð til að þola veður og vind.

- ve

Nýjung

Meistaraflokkssúpur

Girnileg nýjung með 2 í pakka. Fæst í næstu verslun.

Maggi Masterklass
 MEDMÆLI

NÝTT!

SUBWAY í fínu formi

Kafbátur með grænmetisbuffi

SUBWAY

HANSA

BLÖNDUNARTÆKI

TENGI

Virkadaga 8:00 - 18:00 • Laugardaga 10:00 - 15:00
 Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
 Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050
 www.tengis.is • tengi@tengis.is

SPURNING DAGSINS



Einar, eru þetta síbrotamenn?

„Já, en þeir brotna alveg niður þegar við náum þeim.“

Óknyttaunglingar brutu fimmtíu rúður í strætóskýlum á einni viku í Hlíðahverfi. Rúða var brotin í einu skýli tveimur tímum eftir að hún var sett í. Einar Hermannsson er framkvæmdastjóri AFA JCDcaux, sem rekur flest skýlanna.



BARIST VIÐ ELÐINN Þylum var beitt til að varpa vatni á eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar í Kaliforníu:

Fimmtíu heimili brunin

BANDARÍKIN, AP Slökkviliðsmenn í Kaliforníu glímdu við skógarelda um helgina í gljúfrum og fjöllum ofan við borgina Malibu. Eldarnir, sem brutust út á laugardag, lögðu nærri fimmtíu heimili í rúst en svo virtist sem slökkviliðið hefði náð tökum á þeim í gær.

Meira en tíu þúsund manns þurftu að flýja að heiman, margir í annað skiptið á fáeinum vikum.

Talið er að eldurinn hafi brotist út á malarvegi og upptökin megi rekja til mannaferða, en þó var í gær ekki komið í ljós hvort visvitandi hefði verið kveikt í.

- gb

MENNTAMÁL

Opið fram eftir á prófatíma

Þjóðarbókhlaðan verður opin lengur á yfirvandi prófatíma Háskóla Íslands. Menntamálanefnd Stúdenteráðs afhenti rektor Háskóla Íslands þúsund undirskriftir þar sem hvatt var til lengri opunar. Háskólinn og Bókhlaðan brugðust vel við.



Nawaz Sharif, sem Pervez Musharraf steypiti af stóli, snýr aftur til Pakistans:

Sharif kominn úr útleigðinni

PAKISTAN, AP Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, sneri aftur til landsins í gær. Hann hefur verið í útleigð síðan Pervez Musharraf herforingi steypiti honum af stóli árið 1999.

Sharif tók þegar í stað til óspilltra málanna að gagnrýna andstæðing sinn, sagði neyðarástandið sem Musharraf lýsti yfir í byrjun nóvember „ekki góðan jarðveg fyrir frjálsar og sanngjarnar kosningar. Ég tel að endurreisa þurfi stjórnarskrána og hafa hér réttarríki.“

Sharif reyndi fyrir stuttu að koma til Pakistans en var þá vísað



SHARIF OG BRÓÐIR HANS Nawaz Sharif gagnrýnir Musharraf forseta harðlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

strax til baka á landamærunum. Hann segir endurkomu sína nú ekki byggða á neinum samningi við Musharraf, eins og talið er að annar fyrrverandi forsætisráð-

herra, Benazir Bhutto, hafi gert til þess að geta snúið aftur.

Í dag rennur út framboðsfrestur til þingkosninga, sem haldnar verða 8. janúar. Bæði Sharif og Bhutto hafa hótad því að hunsu kosningarnar, sem væri visst áfall fyrir Musharraf þar sem hann hefur sagst hafa lagt mikla áherslu á að endurreisa lýðræði í landinu.

Hitt gæti einnig komið sér afar illa fyrir Musharraf ef þau Sharif og Bhutto tækju höndum saman gegn honum.

Nokkur þúsund stuðningsmanna Sharif tóku á móti honum á flugvællinum í Lahore í gær. - gb

Friðarsvifflugan enn ógreidd í Nauthólsvík

Sviffluga sem Rudolf Schuster, talsmaður Friðarstofnunar Reykjavíkur, fékk að gjöf við komu til landsins í fyrra er enn í geymslu Svifflugsfélagsins ári síðar. Borgarstjóri afhenti sviffluguna en enginn veit hver á að borga fyrir hana.

REYKJAVÍK Enginn veit hver á að borga fyrir sviffluguna sem fyrrverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, afhenti Rupert Schuster, nýskipuðum talsmanni Friðarstofnunar Reykjavíkur, í október í fyrra. Svifflugan er í geymslu Svifflugsfélags Íslands í Nauthólsvík, en oft hefur verið brotist þar inn og í eitt skipti borinn eldur að skýlinu.

Í október í fyrra kynnti Vilhjálmur hugmyndir um Friðarstofnun Reykjavíkur, í tilefni af tuttugu ára afmæli leiðtogafundar Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Höfða. Hann bauð Rudolf Schuster, fyrrverandi forseta Slóvakíu, að fara fyrir stofnuninni og vinna að undirbúningi hennar.

Í tilefni af komu Schusters til landsins afhenti Vilhjálmur honum gamla sviffluguna af gerðinni Ka-8. Schuster er mikill áhugamaður um flug og rekur mikið flugminjasafn í Slóvakíu. Schuster fékk öll skjöl um sviffluguna í hendur og ekki er hægt að fljúga henni án þeirra.

Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður Vilhjálmss, hafði milligöngu um sviffluguna. Hann segir borgarstjóra ekki hafa gefið sviffluguna heldur eingöngu afhent hana. „Þetta var algjörlega að mínu frumkvæði og ótengt borgarstjóranum,“ segir Jón Kristinn. „Þetta fór aldrei fyrir borgarráð og það stóð aldrei til.“

Jón Kristinn segir sviffluguna vera verðlausa og að aldrei hafi verið rætt um neina borgun.



AFHENDING SVIFFLUGUNNAR Borgarstjóri afhenti Rudolf Schuster, lengst til vinstri, sviffluguna, að viðstöddum forkölfum Svifflugsfélagsins.

Hann telur hana í mesta lagi kosta hundrað þúsund krónur. Jón Kristinn segist hafa fengið tvö fyrirtæki til að borga flutninginn til Slóvakíu og að ekkert hindri að hún geti farið þangað.

Kristján Sveinbjörnsson, formaður Svifflugsfélags Íslands, segir félagið hafa metið sviffluguna á 300 til 400 þúsund krónur. Vélin sé formlega í eigu tveggja félagsmanna.

Í ársskýrslu Svifflugsfélagsins stendur að svifflugan sé „gefin af borginni“ og að uppgjör

Þetta var algjörlega að mínu frumkvæði og ótengt borgarstjóranum.

JÓN KRISTINN SNÆHÓLM FYRRVERANDI AÐSTOÐARMAÐUR BORGARSTJÓRA

vegna hennar muni fara fram í tengslum við samning um nýtt húsnæði Svifflugsfélagsins, sem borgin hafi lofað að útvega því.

steindor@frettabladid.is

Átak um kynbundið ofbeldi:

Alvarlegt vandamál hérlendis

JAFNRÉTTISMÁL Sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi var ýtt úr vör í gær. Vakin verður með ýmsum viðburðum athygli á orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis og mansals.

Í tilkynningu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands kemur fram að kynbundið ofbeldi sé alvarlegt vandamál hérlendis. Um þrjú þúsund konur hafa leitað aðstoðar í Kvænnaathvarfi frá stofnun þess og til Stígamóta hafa komið um 4.500 konur. Þá verður beint sjónum að mansali og bent á að árlega séu mörg hundruð þúsund konur þvingaðar í kynlífsþrælkun.

- sgi

Fluttur með þylu á sjúkrahús: Keyrði ofan í lón skammt frá Vík

LÖGREGLUMÁL Tæplega áttræður karlmaður er í öndunarvél eftir að hafa misst stjórn á bifreið sinni skammt austan við Vík í Mýrdal á ellefta tímanum í gærmorgun, farið út af þjóðvegnum og ekið ofan í lón. Maðurinn var á leið til Reykjavíkur.

Þjörgunarsveitin í Vík kom á vettvang, en þá var billinn ofan í vatninu og náði það upp á miðjar rúður. Þjörgunarsveitarmenn þurftu að brjóta rúðu til að ná manningunni út og óku svo með hana í sjúkrahús til móts við þylu Landhelgisgæslunnar, sem mætti þeim á Hvolsvelli og flaug með hana á Landspítalann. Manninum er haldið sofandi í öndunarvél. - sgi

Óhapp á athafnasvæði Alcoa: Gámur f auk á mannlausu rútu

LÖGRELFURÉTTIR Minnstu munaði að illa færi þegar fjörutíu feta gámur f auk á mannlausu rútu um sjöleytið á laugardagsmorgun. Atvikið átti sér stað á athafnasvæði álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Fjöldi starfsmanna Bechtel hafði komið til vinnu með rúttunni, en örskammri stund eftir að sá seinasti hafði stigið úr henni f auk gámurinn í hlið rúttunnar. Að sögn lögreglu var yfirmáta slæmt veður og olli rokið slysinu.

Enginn starfsmannanna slasaðist en rútan er stórskemmd, að sögn lögreglu. - sgi

ÁSTRALÍA

Biður ekki boðanna

Kevin Rudd, leiðtogi ástralska Verkamannaflokksins, biður ekki boðanna og hóf strax í gær undirbúning að því að undirrita Kyoto-bókunina til að draga úr hlýnun jarðar, daginn eftir að hann vann kosningasigur á stjórn íhaldsmanna.

Skerðingin á greiðslum lífeyrissjóða til öryrkja nemur 400 milljónum króna:

Reyna að svara ráðherra í dag

FÉLAGSMÁL Stefnt er að því að lífeyrissjóðirnir níu, sem boðað hafa skerðingu til öryrkja í byrjun desember, svari í dag eða næstu daga bréfi Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um að falla frá skerðingaráformum gegn allt að 100 milljónum króna greiðslu. Skerðingin nemur um 400 milljónum króna á ári, að sögn Sigurðar Bessasonar, stjórnarmanns í Gildi.

Forsvarsmenn lífeyrissjóðanna eru fámálir um viðbrögð sjóðanna. „Þetta snýst um að framfylgja samþykktum sjóðanna. Við eigum að fylgja þeim leikreglum sem okkur eru búnar og hugsa um hag allra sjóðfélaga, ekki bara öryrkja,“ segir Sigurbjörn Sigurbjörnsson, formaður Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Sigurður segir að erindið verði



SIGURÐUR BESSASON Segir skerðinguna nema um 400 milljónum króna á ári.

sennilega afgreitt í „sameiginlegu umhverfi lífeyrissjóðanna“ en bréfið sé nýkomið og hafi ekki verið tekið til efnislegrar umræðu. „Það er nokkuð ljóst að ef einhver einn sjóður ákveður að svona erindi sé ásættanlegt þá verði það að vera eins fyrir allan hópin,“ segir hann.

„Ég held að erindi ráðherra sé

hugsað til þess að skapa tíma. Nefnd á vegum forsætisráðherra er að skoða breytt matskerfi í því hvernig örorka er skilgreind. Nú á að snúa þessu við og meta getu einstaklings til vinnu í staðinn fyrir örorku þannig að unnið er að því að átta sig á umfanginu. Öryrkjum hefur fjölgað gríðarlega á mjög stuttum tíma. Við því þarf að bregðast,“ segir hann.

Skerðing lífeyrissjóðanna nær til tæplega 1.800 einstaklinga, þar af eru um 230 sem ekki hafa skilað inn skattskyldum gögnum. Skerðingin átti upprunalega að koma til framkvæmda 1. desember í fyrra en var frestað. Í framreikningi launa var miðað við neysluverðs-vísitölu en nú launavísitölu. Það þýðir að öryrkjar geta haft mun hærri laun nú áður en til skerðinga kemur.

- ghs

Mú er allt í einu
geðveikt gamman
að vera til og
koma og þakki
þara ágæt líka

15 ára skjólstæðingur BUGL

Lífið kallar

Fjárfestingafélagið **FL Group** stendur annað árið í röð fyrir styrktarverkefninu **Lífið kallar**, stuðningsverkefni á **Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala, BUGL**. Verkefnið styður við börn og unglinga sem hafa í kjölfar áfalls misst lífslöngunina tímabundið. Bæði börn og aðstandendur hafa vitnað um jákvæð áhrif starfsins sem oft hefur gjörbreytt líðan þeirra og lífsgæðum.

Sungið fyrir lífið

Einn liður í samstarfinu eru **árlegir tónleikar FL Group og Sinfóníuhljómsveitar Íslands til styrktar BUGL**. Á tónleikunum 7. desember syngur skærasta óperustjarna heimsins, Kiri Te Kanawa, ásamt Garðari Thór Cortes.

Uppselt er á tónleikana.



FL Group er styrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og BUGL

FL



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,58	62,88
Sterlingspund	128,83	129,45
Evra	92,60	93,12
Dönsk króna	12,418	12,490
Norsk króna	11,511	11,579
Svænsk króna	9,926	9,984
Japanskt jen	0,5786	0,5820

SDR	99,76	100,36
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	122,4064	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Kannabisefni algengustu eiturlyf í Evrópu og þrjár milljónir neyta þeirra daglega:

Kókaínneysla eykst í Evrópu

BRUSSEL, AP Talið er að 4,5 milljónir Evrópubúa hafi neytt kókaíns á árinu, sem er milljón fleiri en í fyrra þegar hlutfallið var 3,5 milljónir. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Lyfjastofnunar ESB (EMCDDA) um fíkniefnavandann í Evrópu sem var kynnt á fimmtudag.

Stofnunin byggir tölur sínar á upplýsingum frá árinu 2005 en það ár var met sett í upptöku yfirvalda á kókaíni í Evrópu. Alls var hald lagt á 107 tonn af kókaíni, sem var 45 prósentum meira en árið áður. Mestu af efninu var smyglað til Evrópu gegnum Spán og Portúgal.



TILRAUN TIL SMYGLS Þrjú tonn af kókaíni fundust í káetu skips sem spænska lögreglan gerði upptækt.

NORDICPHOTOS/AFP

Kannabisefni eru áfram mest notuðu eiturlyf í Evrópu og er

áætlað að um sjö prósent Evrópubúa hafi neytt þeirra á þessu ári. Talið er að um þrjár milljónir manna noti kannabisefni daglega eða næstum daglega.

Stofnunin telur sig þó sjá merki um að vinsældir þeirra séu að minnka meðal yngra fólks. Talið er að 19,3 til 20 prósent fólks á aldrinum fimmtán til 34 ára hafi neytt kannabisefna á Spáni og í Tékklandi á þessu ári. Hlutfallið er áætlað á milli 16,3 og 16,7 í Frakklandi, Ítalíu og Bretlandi. Í Bretlandi, Frakklandi og Tékklandi hefur hlutfallið lækkað um þrjú til fjögur prósent frá því í fyrra.

- sdg

Lögreglan á Suðurnesjum: Ölvæðir öikumenn valda óskunda

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum kærði þrjá öikumenn fyrir meinta ölvun við akstur aðfaranótt sunnudags. Einn þeirra hafði misst stjórn á bifreið sinni á Grindavíkurvegi með þeim afleiðingum að billinn valt á veginum. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp við meiddli. Annar ökumaður var einnig stöðvaður á Grindavíkurvegi, grunaður um ölvunarakstur.

Sá þriðji hafði reynt að stinga lögregluna af á hlaupum í Reykjanesbæ en var handsamaður. Ökumennirnir gistu fangaklefa.

- sgj

Tony Blair tjáir sig:

Hikaði við að tala opinberlega um trú

BRETLAND, AP Tony Blair segir að þau tíu ár sem hann var forsætisráðherra Bretlands hafi trúin skipt sig gífurlega miklu máli. Hins vegar hafi hann hikað við að tala mikið um trúmál af ótta við að kjósendur teldu sig eitthvað ruglaðan.



TONY BLAIR

„Í sannleika sagt þá heldur fólk að maður sé ruglaður,“ sagði Blair, sem nú er fríðarereyndri í Mið-Austurlöndum, í viðtali við BBC. Hann segir breska kjósendur halda að trúaðir stjórnmálamenn „fari afsíðis og spjalli við manninn í efra og komi svo til baka og segi: Jæja, ég er búinn að fá svarið og það er svona.“

Hann segir að trúin hafi hins vegar gefið sér styrk til að standast álagið sem fylgdi því að taka erfiðar ákvarðanir.

- gb



BRÁÐAMÓTTAKA LANDSPÍTALANS Samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem nú er til umræðu vantar tæpan milljarð til að reka spítalann á næsta ári, sé miðað við fjárukalög fyrir þetta ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lækka þarf kostnað við rekstur spítalans

Lækka þarf kostnað við rekstur Landspítala, segir formaður nefndar um mál-efni hans. Samkvæmt frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2008 þyrfti að skera kostnað niður um tæpan milljarð. Spítalinn hefur íhugað þjónustuskerðingu.

HEILBRIGÐISMÁL „Ef launakostnaðurinn hefði ekki hækkað svona mikið væri þjónustan sú sama en það þarf að lækka kostnaðinn við spítalann. Menn munu reyna að lækka kostnað með þeim hætti að þjónustan verði eins mikil og hægt er,“ segir formaður nefndar um málefni Landspítalans, Vilhjálmur Egilsson.

Launa- og lyfjakostnaður hafi aukist svo mikið að bregðast þurfi við því. Hugsanlegar leiðir til þess hafi verið ræddar, en of snemmt sé að segja til um hvað úr verði.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem nú er til umræðu, vantar tæpan milljarð til reksturs Landspítala fyrir árið

„Menn munu reyna að lækka kostnað með þeim hætti að þjónustan verði eins mikil og hægt er.“

VILHJÁLMMUR EGILSSON FORMÁÐUR NEFNDAR UM MÁLEFNI LANDSPÍTALANS

2008, sé miðað við fjárukalög fyrir líðandi ár.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld spítalans hækki um 882,3 milljónir króna frá fjárlögum 2007 og nemi 33 milljörðum alls.

Fjárukalög fyrir 2007, sem sýna hversu mikið reksturinn kostaði í raun á árinu, gera hins vegar ráð fyrir 1,8 milljarða aukningu frá fjárlögum 2007. Eftir stendur tæpur milljarður.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra vill ekki tjá sig um fjárlagafrumvarpið meðan það er enn í meðförum þingsins.

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segist sömuleiðis lítið vilja tjá sig fyrir en hann sjái viðbrögð stjórnvalda. Stjórnendur spítalans hafi skoðað hvernig þeir sjálfir geti brugðist við þessu, fari fram sem horfir, með hagræðingu, þjónustuskerðingu og þess háttar.

klemens@frettabladid.is

Bilun í vél hjá Íslendair:

Um þrjátíu urðu eftir á Kastrup

SAMGÖNGUR Um 30 flugfarþegar þurftu að bíða í Kaupmannahöfn í nótt og munu fljúga til Íslands í dag. Flugvél Íslendair hafði bílað hlerlendis og önnur minni verið send út í staðinn.

„Við óskuðum eftir sjálfboðaliðum til að vera eftir í Kaupmannahöfn,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Íslendair.

„Menn tóku náttúrlega misjafnlega í þetta, við buðum okkur bara fram,“ segir Andrés Hafliði Arnarson, einn farþeganna sem sátu eftir. „Við fáum gistingu, mat og dagpeninga. Við ætlum bara að njóta dagsins.“ - sgj

Floti Landhelgisgæslunnar:

Skoða flutning til Keflavíkur

ALMANNAVARNIR Björn Bjarnason dómismálaráðherra segir það hafa verið skoðað innan ráðuneytisins hvernig aðstaða á Keflavíkflugvelli og í Keflavíkurbíðstöð gæti nýst Landhelgisgæslunni. Fokkerflugvél gæslunnar, TF-SYN, og þyril TF-GNA hafa þegar verið fluttar til Keflavíkur til bráðabirgða.

„Það þrengir að flugdeild LHG á Reykjavíkflugvelli vegna Háskólans í Reykjavík auk þess sem flugdeildin stækkar og krefst meira rýmis,“ segir Björn. Áður hefur Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagt það vera vænlegan kost að flytja starfsemina á Suðurnesin.

Björn segir að þegar niðurstaða ráðuneytisins liggja fyrir verði hún kynnt.

- sgj



BJÖRN BJARNASON

Þingkosningar í Króatíu:

Fylkingarnar standa jafnar

KRÓATÍA, AP Fyrstu tölur að loknum þingkosningum í Króatíu í gær sýndu sáralítinn mun á fylgi stjórnaflökkssins og stærsta stjórnaandstöðuflokksins. Báða flokkana vantaði þó mikið upp á að tryggja sér meirihluta.

Sósíaldemókratar höfðu fengið 30,3 prósent atkvæða, nokkur minna en Íhaldsflokkurinn sem hafði 32,6 prósent. Íhaldsstjórnin stóð því heldur betur að vígi, en Ljubo Jurcic, leiðtogi stjórnaandstöðunnar, bar sig þó vel:

„Sósíaldemókrataflokkurinn hefur náð besta árangri sínum frá upphafi,“ sagði hann.

- gb

EPSON®



FILMU-SKANNAR Í ÚRVALI


- Allt að 4800 punkta upplausn
- 48 bita litadýpt
- 3.2 Dmax
- Skanna filmur og slides
- Litaleiðrétting

Verð frá **15.900 kr.**

PÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	3°C rigning	London	10°C skúrir	Eindhoven	8°C léttskýjað
Billund	3°C skúrir	Paris	10°C skúrir	Basel	6°C léttskýjað
Ósló	1°C slydda	Frankfurt	6°C rigning	Alicante	15°C skúrir
Stokkhólmur	1°C snjócoma	Friedrichshafen	2°C slydda	Róm	20°C skúrir
Gautaborg	3°C skýjað	Berlín	2°C slydda	Las Palmas	21°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Spá vaxandi verðbólgu Verðbólga eykst - Hærrí vísitala neysluverðs Mikil lækkun í Kauphöllinni
 Hrap á hlutabréfamarkaðum
 Gengistap
Ólíuyverð aldrei hærra
Sparneytningin stæðir öll met



Way of Life!

JEPPAGLEÐI í skammdeginu

**ALLT AÐ 100% GLITNISLÁN
 Í 84 MÁN.
 LÆKKUÐ VAXTAKJÖR
 OG LÁNTÖKUGJALD
 AÐEINS ÞESSA VIKU**

Aðeins



3 eintök



GRAND VITARA XL7 LTD

TILBOÐSVERÐ 3.490 ÞÚS.
 (400 þús afsláttur - listaverð 3.890 þús)

**Tilboðsverð á öllum notuðum
 og nýjum jeppum til 1. des.**

Aðeins

2 eintök



SX4 2,0 I beinskipt.


TILBOÐSVERÐ 1.940 ÞÚS.
 (200 þús afsláttur - listaverð 2.140 þús)



**ALLIR NOTAÐIR GRAND
 VITARA OG JIMNY
 SKRÁN.ÁR 2005**

**GRAND VITARA 300 ÞÚS.
 AFSLÁTTUR FRÁ ÁSETTU VERÐI
 JIMNY 200 ÞÚS. AFSLÁTTUR FRÁ
 ÁSETTU VERÐI**

Aðeins



4 eintök



**Grand Vitara DIESEL,
 beinskipt.**

TILBOÐSVERÐ 2.940 ÞÚS.
 (250 þús afsláttur - listaverð 3.190 þús)

**AÐEINS
 MÁNUDAG
 TIL FÖSTUDAGS**

SUZUKI
 SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 5100.

**Öruggast er að mæta
 snemma í dag - á morgun
 gæti það verið of seint.**

KJÖRKASSINN



Keyptir þú eitthvað á „kaupu ekkert-deginum“?

Já 37,2%
Nei 62,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hyggstu dvelja á Íslandi yfir jólin?

Segðu skoðun þína á visir.is



150 leiguíbúðir bætast í desember við þær sem nú eru á gamla varnarsvæðinu:

Meðalstórt þéttbýli myndast

HÚSNÆÐISMÁL Hundrað og fimmtíu stúdentabúðir bætast við háskóla-svæði Keilis á Vallarheiði í desember. Mun íbúum svæðisins þá fjölga um 300 til 400 manns og íbúafjöldi á svæðinu verður um 1.100 til 1.200 manns.

Leiguverð er frá 34.000 krónum fyrir 36 fermetra einstaklingsíbúð til 90.000 króna fyrir 190 fermetra, sex herbergja fjölskylduíbúð. Innifalið í leigunni er rafmagn, hiti, net og strætisvagnaferðir til Reykjavíkur.

Til samanburðar er leiguverð fyrir 36 fermetra einstaklingsíbúð hjá Stúdentagörðum í Reykjavík 47.000 krónur og 87.000 krónur

fyrir 100 fermetra, fjögurra herbergja fjölskylduíbúð, sem er stærsta sú í boði.

Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, segist skynja þörfina á ódýru húsnæði fyrir námsmenn. Tæplega hundrað manns eru á biðlista Keilis og um 1.100 stúdentar bíða eftir húsnæði á stúdentagörðum í Reykjavík.

Reykvískir háskólanemar nýta sér óspart ókeypis strætó frá Vallarheiði til Reykjavíkur, sem gengur sjö sinnum á dag.

Á Vallarheiði stunda flestir íbúanna nám við Háskóla Íslands, en aðrir nema við frumgreinadeild Keilis á svæðinu.



KEFLAVÍKURVÖLLUR Íbúar á svæði Keilis á Keflavíkuvelli verða á bilinu 1.100 til 1.200 manns á næstunni.

Franski vísindamaðurinn: Sat fastur í þrjá sólarhringa

LEIT Franski vísindamaðurinn Judicael Bruno Arnold Decriem, starfsmaður Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, fannst heill á húfi um hálfvöð aðfaranótt sunnudags. Björgunarsveitir Landsbjargar voru kallaðar út á ellefta tímanum á laugardagskvöldið þegar Decriem hafði ekki skilað sér til byggða á tilsettum tíma.

Decriem hafði ætlað að taka niður átta staðsetningarsenda sem staðsettir eru allt frá Þórisvatni að Kálfafelli en hafði fest bíl sinn í á í Klappargildi skammt vestan við Eldgjá og hafði dúsað í bílnum frá því á fimmtudag.

Fundurinn í Annapolis:

Sýrlendingar ætla að mæta

SÝRLAND, AP Stjórnvöld í Sýrlandi sögðust í gær ætla að senda fulltrúa sinn til fundarins í Annapolis í Bandaríkjunum, þar sem Palestínnumenn og Ísraelar ætla að reyna að koma friðarviðræðum af stað á nýjan leik.

Hamas-hreyfingin, sem ræður ríkjum á Gaza-strönd, fordæmdi í gær ráðstefnuna og sagði að Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, væri ekki fulltrúi hennar.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Dominos-ræningjar ófundnir

Drengirnir fimm eða sex sem reyndu að ræna Dominos-stað í Spönginni í Grafarvogi á föstudagskvöld eru enn ófundnir. Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir.

Maður tekinn með Malakauskas:

Fundu eiturylf á öðrum Litháa

LÖGREGLUMÁL Annar litháískur maður sem búsettur er hér á landi var handtekinn á þriðjudag ásamt Tomasi Malakauskas, sem dæmdur var fyrir aðild sína að líkfundarmálinu svokallaða árið 2004. Á manninum fundust nokkrir tugir gramma af amfetamíni.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu, er ekki talið að mennirnir hafi hist í þeim tilgangi að versla með fíkniefni. Malakauskas var úrskurdaður í gæsluvarðhald til 30. nóvember og verður ákærður fyrir fíkniefnabrot og að virða ekki endurkomubann.

Að sögn Friðriks Smára er ekki vitað hvað honum gekk til með komunni til landsins.

Júlíus Vífill vildi engu útrás í október

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, sagði í fjölmiðlum í október að OR ætti ekki að taka þátt í útrás. Hún ætti því að selja hlut sinn í REI. Í gær sagði Júlíus að hann hefði aldrei sagt að REI ætti ekki að vera í útrás.

ORKA „Þetta fer ekkert gegn hvort öðru og það er ekkert ósamræmi í mínum orðum,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, spurður hvað valdi stefnubreytingu þeirri sem má greina hjá honum í Fréttablaðinu í gær.

Júlíus sagði þá að sjálfstæðismenn hefðu aldrei verið á móti því að REI væri í útrás. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ályktuðu hins vegar hinn 7. október að selja ætti hlut Orkuveitu í REI. Opinber rekstur og einkarekstur væri eins og olía og vatn.

Nú segir Júlíus að REI, í fullri eigu Orkuveitunnar, megi í framtíðinni fara í útrás og með öðrum einkafyrirtækjum í framtíðinni.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

„Málið snýst um að Orkuveitan sjálf eigi ekki að vera í útrás. REI má alveg vera í henni, til þess var hún stofnuð,“ segir hann. Ekkert ósamræmi sé í framsögu hans milli mánaða. Afstaða sjálfstæðismanna þá hafi ekki markast af andúð í garð REI, heldur út í ferlið sjálft, mikla hlutfjárukningu og skort á upplýsingum.

Hinn 15. október var einnig haft eftir Júlíusi í Fréttablaðinu að Orkuveitan ætti ekki að taka þátt í útrásarverkefnum. Til umræðu var skoðanakönnun



HELLISHEIÐARVIRKJUN Júlíus Vífill sagði að væri Orkuveitan aflögufær í sínum rekstri ætti hagnaður félagsins fyrst og fremst að renna til gjaldskrárgreiðenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Málið snýst um að Orkuveitan sjálf eigi ekki að vera í útrás. REI má alveg vera í henni, til þess var hún stofnuð.“

JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON
BORGARFULLTRÚI SJÁLFTÆÐISMANNNA

blaðsins sem sýndi að meirihluti Reykvíkinga væri sammála þeirri skoðun hans. Þá sagði Júlíus ljóst að Reykvíkingar væru að taka undir með sjálfstæðismönnum um að OR ætti fyrst og fremst að tryggja borgarbúum heitt og kalt vatn og fráveitu.

Júlíus hélt sömu skoðun fram í útvarpsfréttum 7. október, þegar

hann sagði að rétt væri að selja 35 prósent hlut Orkuveitunnar í REI hið fyrsta. „Ef Orkuveitan er aflögufær í sínum rekstri, þá á auðvitað hagnaður félagsins að renna í þágu borgarbúa og þá myndi ég fyrst og fremst vilja sjá það renna til gjaldskrárgreiðenda, það er að segja til neytenda Orkuveitu Reykjavíkur, með lækkaðri gjaldskrá,“ sagði Júlíus þá.

Einnig má benda á ummæli Gísla Marteins Baldurssonar, borgarfulltrúa sjálfstæðismanna, þegar hann sagði eftirfarandi á sáttafundum sjálfstæðismanna hinn 7. október: „Við töldum að þetta væri rekstur sem borgin ætti ekki að vera í.“

klemens@frettabladid.is

ÞRIFIN VERÐA LEIKUR EINN

20% afsláttur



ULTRAMAX MOPPUSETT

Blaut- og þurrmoppur fyrir allar gerðir gólfa. Fatan vindur fyrir þig. Hrein snilld!

vileda
PROFESSIONAL

MOPPUSETT FLASH M/SPREYBRÚSA

Þú þarft enga fötu, fyllir bara brúsann með vatni og hreinsiefni. Ótrúlega einfalt!

ATTRACTIVE RYKKÚSTUR

Afþurrkunarkústur sem afráfmagnar. Langir þræðir sem ná í afskekktustu afkima og skilja ekkert eftir! Ótrúlega sniðugt!

BESTA

- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti í opinberri heimsókn í Kína:

Mælir með færri líflátsdómum

KÍNA, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti kom til Peking í gær og snæddi þar kvöldverð með Hu Jintao forseta í fyrstu heimsókn sinni til Kína.

Yfir matarborðum mælti Sarkozy með því að Kínverjar kvæðu upp færri líflátsdóma.

„Ég er ekki að biðja um að þeim verði alveg hætt, heldur hraða þeirri þróun sem á sér eðlilega stað,“ sagði Sarkozy og gætti þess að tala af fyllstu kurteisi við kínverska forsetann.

Hu svaraði því til að hann „vonadi að málin þróuðust með þeim hætti að dauðarefningum yrði sjaldnar beitt.“

Annars er búist við því að Sarkozy muni einkum ræða um viðskipti ríkjanna og umhverfismál í þriggja daga heimsókn sinni í Kína.

- gb



SARKOZY Í KÍNA Frakklandsforseti skoðaði meðal annars hermennastytturarnar í borginni Xian.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FERÐAFÉLAGI

Gerð: Steingrímur

Litir: Svart og moss khaki

Efni: 3 laga efni með öndun og vatnsheldni

Verð: 34.970 kr.

WWW.CINTAMANI.IS



SPJARABU ÞIG

Afhending skólahúss markar tímamót í sögu Þróunarsamvinnustofnunar:

Byggðu framhaldsskóla í Malaví

ÞRÓUNARMÁL Lyklar að fyrsta framhaldsskólanum í Malaví sem fjármagnaður var af Íslendingum voru afhentir yfirvöldum á fimmtudaginn í síðustu viku.

„Afhendingin markar tímamót í sögu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví þar sem þetta er í fyrsta sinn sem byggður er framhaldsskóli fyrir íslenskt fé. Frá árinu 1995 hefur stofnunin einbeitt sér að byggingu barnaskóla,“ segir Stella Samúelsdóttir, verkefnastjóri Þróunarsamvinnustofnunarinnar í félagslegum verkefnum í Malaví. Skólinn er einnig sá fyrsti sem stofnunin lætur byggja eftir nýrri umhverfisvænni aðferð

með sólþurrkuðum múrsteinum úr sementsblöndu og jarðvegi. Skólinn er í þorpinu Nankwali í Mangochi-héraði þar sem stofnunin hefur unnið að ýmsum verkefnum undanfarin ár.

Fjölmenni var við afhendinguna. Þar á meðal voru höfðingjar, kennarar og skólastjórnendur, nemendur, foreldrar, menn frá héraðsýfirvöldum og frá menntamálayfirvöldum landsins. „Í ræðum kom fram mikið þakklæti til Þróunarsamvinnustofnunar fyrir þann stuðning sem stofnunin veitir til menntamála í Mengochi-héraði,“ segir Stella.



FRÁ AFHENDINGU Skafti Jónsson, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví, afhendir fulltrúa menntamálayfirvalda lykklana að nýja framhaldsskólanum.

-jse

Óeirðalögreglu beitt gegn mótmælum

Stjórnmalaleiðtogar frjálslýndra flokka eru meðal þeirra sem handteknir voru í Moskvu og Pétursborg um helgina. Aðgerðir gegn stjórnarandstöðunni sagðar líkjust hernaðaraðgerðum.

RÚSSLAND, AP Tugir stjórnarandstöðinga voru handteknir í Rússlandi í gær fyrir að taka þátt í mótmælafundi í Pétursborg, aðeins viku fyrir þingkosningar. Meðal hinna handteknur voru stjórnmalaleiðtogar og þingframþjóðendur.

Hundruð lögregluþjóna, gráir fyrir járnum, réðust til atlögu gegn hópi mótmælenda sem höfðu safnast saman í Pétursborg og hröpuðu „Rússland án Pútíns“.

Á laugardaginn hafði lögreglan einnig handtekið tugi mótmælenda sem tóku þátt í svipuðum aðgerðum í Moskvu.

Meðal hinna handteknur í Moskvu var Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, sem er einn harðasti andstöðingur Vladímírs Pútíns forseta. Í Pétursborg voru meðal annarra handteknir stjórnmalamennirnir Boris Nemtsov og Nikita Belykh, leiðtogar Bandalags hægriafila. Þeir eru báðir í framboði til þings og Nemtsov er talinn líklegur til að bjóða sig fram gegn Pútín í forsetakjöri á næsta ári.

„Stjórnvöld hafa reynt að lama kosningabaráttu okkar með því að handtaka óbreytta flokksfélaga úti í héruðunum og gera kosningaskrif okkar upptæk, og nú hafa þau ráðist til atlögu gegn leiðtogum okkar,“ segir í yfirlýsingu frá Bandalagi hægri afila, sem er frjálslýndur hægri flokkur sem berst fyrir markaðsfrelsi.

„Það sem við sjáum í Pétursborg núna líkist hernaðaraðgerðum,“ sagði Olga Kurnusova, sem er í forystusveit Annars Rúss-



STJÓRNALALEIÐTOGI HANDTEKINN Meðal hinna handteknur í Pétursborg var Boris Nemtsov, leiðtogi Bandalags hægri afila. Nemtsov er í framboði til þings og þykir líklegur til að bjóða sig fram gegn Vladímír Pútín í forsetakosningum á næsta ári.

NORDICPHOTOS/AFP

lands, bandalags stjórnarandstöðuflokka, sem skipulagði mótmælafundina bæði í Moskvu og Pétursborg. „Þetta sýnir ótta stjórnvalda.“

„Óeirðalögreglan barði mig með kylfum í höfuðið þangað til ég missti meðvitund,“ sagði Alexander Shurshov, þingframþjóðandi Yabloko-flokksins, sem var einn hinna handteknur.

Undanfarna mánuði hefur óeirðalögreglunni í Rússlandi hvað eftir annað verið beitt gegn mótmælafundum gegn stjórn Pútíns. Í ríkisfjölmiðlunum, einu sjónvarpsstöðvunum sem ná til allra landsmanna, er lítið sem

Óeirðalögreglan barði mig í höfuðið þangað til ég missti meðvitund.

ALEXANDER SHURSHOV
FRAMBJÓÐANDI YABLOKO-FLOKKSINS

ekkert sagt frá þessum mótmælum.

Á hinn bóginn hefur kosningabaráttu stjórnarflokks Pútíns fengið mikið vægi í ríkisfjölmiðlunum og greinilegt að stjórnin leggur allt kapp á að hljóta stóran sigur í þingkosningunum 2. desember.

gudsteinn@frettabladid.is

Jafnmörg kynferðisbrot framin í Laugardal og miðborg Reykjavíkur:

21 kynferðisbrot framið í Laugardal

LÖGREGLUMÁL Framið var 21 kynferðisbrot í Laugardal á síðasta ári en það eru jafn mörg og framin voru í miðborg Reykjavíkur. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu um afbrot á höfuðborgarsvæðinu sem Rannveig Þórisdóttir og Benjamín Gíslason unnu fyrir lögregluna.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri sagðist ekki kunna skýringu á þessum mikla fjölda kynferðisbrota í Laugardal. „Þetta eru reyndar mikið til blygðunarsemisbrot og alls ekki allra alvarlegustu kynferðisbrotnin sem þarna um ræðir. En það er engu að síður til efni til að skoða þessar tölur með það að markmiði að átta okkur á því hvernig við eigum að bregðast við.“

Rannveig segir að þarna sé líklega um tilviljun að ræða sem gefi



LAUGARDALUR Flest brotin sem framin eru í dalnum eru blygðunarsemisbrot.

alls ekki tilefni til að draga of miklar ályktanir af. Til dæmis voru þessi brot einungis sex í Laugardal einu ári áður.

Laugardalur kom ekki vel út í skýrslunni en 9,4 prósent allra brota á höfuðborgarsvæðinu voru framin þar. Það er fjórða hæsta hlutfallið á eftir miðborginni, Breiðholti og Kópavogi.

-jse

KYNFERÐISBROT ARIÐ 2006

Brot samtals

Brot samtals	Fjöldi
Árbær	6
Breiðholt	16
Garðabær	2
Grafarholt	1
Grafarvogur	12
Hafnarfjörður	14
Háaleiti	10
Hlíðar	12
Kjalarnes	1
Kópavogur	7
Laugardalur	21
Miðborg	21
Mosfellsbær	4
Seltjarnarnes	4
Vesturbær	6
Annað	11
Samtals	148

Ræðst gegn verkjum

Paratabs®
– Öflugur verkjabaní!

Notkunarsvið: Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum influensu og umgangsspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lífrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lífrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lífrarsjúkdóm er að ræða. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól pollist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lífrarskemmdir. Lífrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

Ótrúlegt tilboð!
- 13 náttu ferð

5. des.

Kúbuveisla

frá 59.990 kr.

Havanaborg og/eða Varaderoströndin
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 13 náttu ferð til Kúbu 5. desember þar sem dvalið er á hinni vinsælu Varaderoströnd og/eða í hinni einstöku Havanaborg. Kúba er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Ekki aðeins kynnist þú stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar, heldur einnig einstakri þjóð. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á Varaderoströndinni á frábærum kjörum. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

Perlur Kúbu - 5. des.

Athugið - 4 sæti eru laus í þessa einstöku ferð.

59.990 kr.
Arenas Doradas ***
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli í 13 nætur á Hotel Arenas Doradas *** með morgunverði, 5. des. Aukalega fyrir allt innifalið í 13 nætur kr. 19.800 (valkvætt).

69.990 kr.
Havana & Varadero
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli í 6 nætur á Hotel Occidental Miramar **** í Havana og 7 nætur á Hotel Arenas Doradas *** á Varadero með morgunverði, 5. des. Aukalega fyrir allt innifalið í 6 nætur á Varadero nætur kr. 12.400 (valkvætt).

74.990 kr.
Havana
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli í 13 nætur á Hotel Occidental Miramar **** með morgunverði, 5. des.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099

Panasonic



V-real²

VIERA
LINK

HD
ready

- **V-Real 2 Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri litaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Sub-Pixel Control** og allar fínar línur verða skýrari
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýringu

Panasonic TH42PV70F

42" Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP MEÐ 1024x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni (frábær myndgæði), Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **189.990**

FULLT VERÐ kr. 219.990



VIERA
LINK

V-real²

Panasonic TX26LE7F

26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **89.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



VIERA
LINK

100Hz
Motion Picture
Pro

V-real²

Panasonic TX26LX70F

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



VIERA
LINK

V-real²

Panasonic TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **99.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



VIERA
LINK

100Hz
Motion Picture
Pro

V-real²

Panasonic TX32LX70F

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **129.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990



1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistækni, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kaupþún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossmar, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusitalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Hagkaup, Njarðvík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi.



KVENNASAMTÖK MÓTMÆLA

Á Filippseyjum efndu kvennasamtökin Gabriela í gær til mótmæla gegn Gloríu Arroyo forseta í tilefni af alþjóðlegum degi gegn ofbeldi gegn konum. Kvennasamtökin krefjast þess að Arroyo segi af sér vegna þess að hún eigi sjálf stærstan þátt í ofbeldi gegn konum þar í landi.

NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt almannavarnakerfi reyndist vel þegar fellibylurinn Sidr reið yfir Banglades: Hundruð þúsunda björguðust

BANGLADESS, AP Varnaðarorð heyrðust hrópuð úr hátölurum sem ýmist voru festir við palmatré, staðsettir á moskuþökum eða skorðaðir á milli stýrishandfanga á reiðhjólum. Skilaboðin bárust mun víðar en menn höfðu þorað að vona. „Líf hundruð þúsunda björguðust vegna þess að fólk fékk viðvörn í tæka tíð og var flutt burt,“ segir Ian Rector, helsti tækniráðgjafi Sameinuðu þjóðanna fyrir nýja almannavarnakerfið í Banglades. „Deir unnu frábært starf.“

Fellibylurinn Sidr reið yfir Banglades af gífurlegum þunga í síðustu viku. Meira en þrjú þúsund

*dæmi um verð í byggingavöruslun 31.10.07 – á ekki við reykskynjarann á myndinni.

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK & Dráttarbeiði



- Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
- 3 f öld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
 - 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírur aftur á bak
 - Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
 - 31" TOYO dekk • Leðurvellistýri og leðurgírstöng
 - Fjarstýrð þröðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
 - Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
 - Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
 - Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bil-Litá
Benna

Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Ópið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG



Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr.
á 100 km.

Bilasalan Ós
Akureyri, sími 462 1430

Bilahornið hjá Sissa
Keflavík, sími 420 3300

Bilasala Vesturlands
Borgarnesi, sími 437 2100

Bilasala Austurlands
Egilsstöðum, sími 471 3005

STUÐ MILLI STRÍÐA 380 milljón ár

VIÐÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR KAFAR Í HAFDJÚPIN



Nýjar kóngulóartegundir hafa numið land. Þetta eru vondar fréttir fyrir flugur Íslands, sem og vissar manneskjur. Enn verri fréttir bárust nýverið frá stórveldinu Þýskalandi. Þar hafa fundist jarðneskar leifar forsögulegs sporðreka sem var líkast til um tveir og hálfur metri á lengd. Eflaust var hann líka forljótur. Hvílik skelfing! Örökstuddur ótti við skordýr og áttfætlur er furðu algengur. Almennungi er enginn greiði gerður með fréttum sem þessum heldur frekar mikill og grimmilegur óleikur.

Útlit er fyrir að risasporðdrekin hafi átt sinn blómatíma fyrir um það bil 380 milljónum ára. Eða að hann hafi líkast til bíúð á myrkum botni hafdjúpsins og þar haft þann síðinn á að tæta í sundur brynvarða fiska með öflugum klónum. Þrátt fyrir að þessar vísindalegu tilgátur bendi sterklega til þess að mannkyninu hafi aldrei nokkurn tímann staðið nokkur einasta ógn af dýrinu slær það engan veginn á þau áhrif sem fréttin hefur á sálartetur raggeitarinnar. Hún þarf nú að vakna í svítakófi margar nætur í röð uns hún hefur náð sér af hryllingnum.

Það er að sjálfsgöðu fréttanæmt þegar ný forsöguleg dýratægund uppgötvast; við höfum enn aðeins brotarkennda mynd af lífríki jarðar fyrir tíma mannkyns og hver ný uppgötvun færir okkur þess vegna skrifi nær því að skilja betur sögu hnattarins okkar. En aðgát skal höfð í nærveru sálar. Sjávarsporðdrekin risavaxni var uppi fyrir óralöngum tíma síðan, en í þessu samhengi ber einnig að benda á að við erum enn langt frá því að þekkja til fullustu allar þær dýratægundir sem búa á hafsbotni í dag. Hver veit hvaða óargadýr hafast þar við?

Áð lokum vil ég biðja þá lesendur sem ekki voru þegar búnir að fréttu af uppgötvun sporðrekans afsökunar á uppljóstruninni. Ég vona innilega að fregnin hafi ekki áhrif á nætursvefn komandi nóttu.

Látum það liggja á milli hluta að

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LITBRIGÐI GALDRANNA
- TERRY PRATCHETT -



„EINN FYNDNASTI OG BESTI RITHÖFUNDUR BRETLANDS”
THE INDEPENDENT

Góð heilsa - okkar ábyrgð!

aukið aðgengi að
áfengi = aukin neysla

www.iogt.is

Áfengi er engin venjuleg vara

- Áfengi hefur mikla sérstöðu sem neysluvara og fráleitt að um hana þurfi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.

Meira en eitt af hverjum fjórum dauðsföllum meðal ungra karlmannna (á aldrinum 15-29 ára) í aðildarríkjum Evrópusambandsins, og eitt af hverjum tíu dauðsföllum meðal ungra kvenna á sama aldri, eru vegna áfengisneyslu (s.s. vegna umferðarslysa, sjálfsvíga, ofbeldis o.s.frv.).

HEIMILD:

Alcohol in Europe: A public health perspective. A report for the European Commission. Institute of Alcohol Studies, UK, June 2006.

Aukið aðgengi – Aukin neysla – Aukinn vandi

Samþykkt frumvarps um sölu áfengis í matvöruverslunum mun leiða til mikillar fjölgunar dreifingarstaða áfengis og auka aðgengi að áfengi gífurlega.

Einkasala ríkisins á áfengi er dæmi um víðtæka leið til að stýra aðgengi að áfengi.

Sú tilhögun að smásala áfengis sé í höndum verslana ÁTVR, sem eru í eigu og ábyrgð stjórnvalda, er mikilvægur þáttur í forvörnum sem óráðlegt er að fórna.

HEIMILD:

Alcohol: No Ordinary Commodity – Research and Public Policy (Oxford University Press, 2003) eftir 15 sérfræðinga í rannsóknum og lýðheilsumálum.


IOGT Á ÍSLANDI
... til framtíðar

Vísindaskáldsögur Rússa

Vísindaskáldsagnagerð í Rússlandi á síðustu áratugum verður til umræðu á skáldakvöldi MÍR, Hverfisgötu 105, næstkomandi miðvikudagskvöld kl. 20.

Sergei Gúshín, sendiráðsritari Rússlands, ræðir um þessa sérstöku grein rússneskra bókmennta og þá sérlega þá tvo sagna-höfunda sem þekktastir voru á þessu sviði og vinsælastir í Rússlandi og fyrrverandi Sovétríkjum, bræðurna Arkadý og Boris Strúgatský.

Þeir bræður unnu náið saman að ritstörfum um áratugaskeið og sendu frá sér sína fyrstu bók árið 1958; síðan fylgdu bækurnar hver af annarri, sum árin komu út fleiri en ein. Margar skáldsagna bræðrana voru þýddar af rússnesku yfir á önnur tungumál og njóta enn vinsælda víða utan Rússlands, meðal annars í Póllandi, Búlgaríu og Þýskalandi.



ANDREI TARKOVSKÝ Leikstýrði kvikmyndinni Stalker árið 1979.

Frægasta verk bræðrana Strúgatský kallast á íslensku Útveisla í vegkantinum. Sagan

kom fyrst út árið 1971 og var kveikjan að kvikmyndinni Stalker frá 1979 í leikstjórn Andrejs Tarkovskýs. Á þeim sjö árum sem Tarkovský átti þá eftir ólífud sendi hann frá sér tvær kvikmyndir til viðbótar, Fortíðarþrá og Fórnina.

Á skáldakvöldinu í MÍR verður brugðið upp atriðum úr Stalker, en þessi torskilda og umdeilda kvikmynd verður sýnd í heild sinni í kvikmyndasal MÍR síðar í vetur.

Myndin var á dagskrá sunnudagssýninga MÍR fyrr í haust, en sýningin féll þá niður vegna bilunar í tækjum.

Boðið verður upp á kaffiveitingar á skáldakvöldi MÍR og því tilvalið fyrir áhugafólk um rússneskar bókmenntir að kynna sér þessar forvitnilegu vísindaskáldsögur og þiggja hressingu í leiðinni.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

- vþ



ATH

Tónlistina á Rás 1 í dag. Kl. 16.13 er Hlaupanótan, kl. 19 eru tónleika-upptökur frá Bach-hátíðinni í Anspach á dagskránni, Ingibjörg Eyþórsdóttir er með þátt sinn, Afsprengi, um íslenska tónlist kl. 22.15 og síðasti tónlistarþáttur kvöldsins er Upp og ofan í umsjón Jóns Ólafssonar. Mikil og vönduð tónlistardagskrá í mestu gæðum sem hljóðvarp getur boðið.

menning

menning@frettabladid.is

ÁST
SÓNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

22. nóvember - uppselt
23. nóvember - uppselt
30. nóvember - uppselt
1. desember - uppselt
7. desember - uppselt
8. desember - uppselt

Miðasala 568 8000
www.borgarfelkhus.is

Mugiboggio

Tónleikadagur - heimspeki þetta vikuna

Ástfangi á tónleikum þessa Mugiboggio - hefur til að þetta gættu á Mugiboggio ein og þá hafa verið áttunda ára þáttur

21. Nóvember - Víkingi Kristjánsson - Póllandi kl. 21.00 - Ástfangi í Vesturport

22. Nóvember - Þorvaldur Gylfason - Póllandi kl. 22.00 - Ástfangi í Tónleik

23. Nóvember - Þorvaldur Gylfason - Póllandi kl. 23.00 - Ástfangi í Tónleik

24. Nóvember - Þorvaldur Gylfason - Póllandi kl. 24.00 - Ástfangi í Tónleik

25. Nóvember - Þorvaldur Gylfason - Póllandi kl. 25.00 - Ástfangi í Tónleik

26. Nóvember - Þorvaldur Gylfason - Póllandi kl. 26.00 - Ástfangi í Tónleik

27. Desember - Ástfangi í Tónleik - kl. 21.00 - Ástfangi í Tónleik

Dramadrottning snýr aftur



Bókin er ætluð unglingsstúlkum og er í ærslafullum en þó kaldhæðnum tóni. Í upphafi bókarrinnar og aftan á henni er lesandinn til dæmis hreinlega hvattur til þess að leggja bókina frá sér.

Bókin hefst með innliti á blogg-síðu Emblu sem bloggjar reglulega um þær raunir sem hún lendir í. Sagan sjálf er svo fyrstu persónu frásögn Emblu af atburðum og uppákomum sem hún nefnir á blogg síðunni. Við og við í bókinni breytist form frásagnarinnar og bloggjið tekur aftur yfir höndina. Blogghluti sögunnar minnir óneitanlega á upphaf kaflanna í dagbókum Bridget Jones, í tilfalli Emblu koma fram upplýsingar um fjölda bóla á nefi og víðar, staða dramaskjálftamælis sem mælir dramastöðu á Richter kvarða, orð dagsins, sem líklega eiga að vera hugarsmíð Emblu eða fróðleiksmoli dagsins, sem ætíð flokkast undir fánýt-an fróðleik. Höfundur hefði gjarnan mátt tengja meira þann hluta blogg síðunnar við söguna sjálfa. Hvers vegna varð orð dagsins til eða hvernig Embla fékk upplýsingar um hluti eins og heildarþyngd mannkyns.

Framvinda sögunnar minnir á sápuoperu.

Persónur eru ýktar án þess að verða farsakendar og hversdagsglegir atburðir tilefni stórvægilegra frásagna. Vandamál í ástarmálum og vandræðalegir foreldrar helsta efni sögunnar.

Snemma í sögunni kemst Embla yfir sjálfshjálparbók ætlaða til þess að hvetja konur til sjálfstæðis í lífi sínu. Það er skemmtileg leið til þess að koma boðskap til ungra stúlkna fram í bók að láta söguhetjuna lesa boðskapinn í annarri bók og reyna á hann. Vin-konur Emblu eiga drjúgan hlut í sögunni og koma fram sem lesendur á blogg síðunni auk þess að vera sögupersónur. Blogghlutinn gefur því höfundi tækifæri á að láta sögupersónurnar hafa skoðun á framvindu sögunnar og auk þess að bæta inn fullkomnum aukapersónum, fólkum utan úr bæ sem skrifar athugasemd á blogg síðu. Þetta er möguleiki sem mætti vel nota meira. Sagan fær fjölbreyttan vinkel og skoðanir eða tungutak sem alls ekki er í anda sögunnar sjálfar getur orðið eðlilegt í þessu skrytna samhengi.

Sif Sigmarsdóttir er ungur höfundur, alin upp á tíma almennrar tölvunotkunar og sjálf af blogg-kynslóðinni. Það er því ekki óeðlilegt að hún hræri því tjáningarformi saman við sögu í þessum dúr. Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu er hressileg saga úr hversdagslífinu sem er alveg laus við að glíma við alvöru vandamál.

Hildur Heimisdóttir

BÓKMENNTIR

Einu sinni var drama-drottning í ríki sínu

Enn af raunum Emblu Þorvaldardóttur Sif Sigmarsdóttir

★★★

Hressileg afþreyingarbók fyrir ungar stúlkur þar sem höfundur leikur sér skemmtilega með ritstíl.

Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu: Enn af raunum Emblu Þorvaldardóttur er sjálfstætt framhald sögunnar Ég er ekki dramadrottning; Raunir Emblu Þorvaldardóttur. Eins og titlarnir bera með sér er um að ræða sögu af heldur dramatískri stúlkum.

Hugarheimur kristinna á miðöldum

Jón Björnsson sálfræðingur gengur með safngestum um hluta grunnsýningar Þjóðminjasafnsins á morgun kl. 12.05. Einnig verður gengið um sérsýninguna í Bogasalnum sem kallast Á efsta degi. Á henni má sjá fjalir með fögrum myndskurði sem varðveist hafa í brotum en eru talðar vera úr mikilli dómsdagsmynd sem gæti hafa skreytt Hóladómkirkju á 12. öld. Á sýningunni er jafnframt gerð tilraun til að endurgera dómsdagsmyndina samkvæmt tilgátu Harðar Ágústssonar.

Jón fjallar um hugmyndaheim eða heimsmýnd kaþólsku kirkjunnar á ofanverðum miðöldum, meðal annars með hliðsjón af dómsdagsmyndum. Hann staldrar við nokkur dæmi á safninu sem sýna myndmál þessa heims og vísa til hans. Jón gengur út frá því að dómsdagsmyndir hafi á þessum tíma verið eins konar kennslu-myndir fyrir almenning, ekki síst þar sem margir voru ólæsir. Hann telur að myndir sem þessar hafi brýnt fyrir fólki rétta hegðun með því að sýna hvað henti þá sem breyttu rangt.

Jón veltir því meðal annars fyrir sér hvernig hafi verið að lifa við



DÓMSDAGUR Hluti úr dómsdagsmyndinni sem sjá má á Þjóðminjasafninu.

þessa heimsmýnd. Hún er ólík því sem menn eiga að venjast í hinum flókna hugarheimi nútímans og virðist fela í sér minna frelsi. Að sumu leyti var þetta þó einfaldur hugarheimur með skýrum reglum og markmiðum og hefur því ef til vill líka gefið tilfinningu um öryggi. Jón leggur þó áherslu á að hann er einungis að tala um hugarheim þessa tíma, ekki hin raunverulegu lífsskilyrði eða raunheiminn.

Leiðsögn Jóns er sú fimmta í vetur í röðinni Ausið úr vísukbrunnunum í Þjóðminjasafni Íslands. Sérfræðingar innan safns og utan ganga þá með gestum um safnið, segja frá sýningum og miðla af sérþekkingu sinni. Leiðsagnirnar eru fyrir alla.

Fólk er hvatt til að fjölmenna á Þjóðminjasafnið í hádeginu á morgun og hlusta á þetta áhuga-verða erindi Jóns Björnssonar sálfræðings.

- vþ

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogsvæðing þy á að taka þátt ertu komin í SMS klúbb. 149 kr/skýtt.

9
HVER VINNUR!

SENDU SMS BTCEAF
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru DVD myndir,
vamingur tengdur myndinni og margt fleira!

Evan ALMIGHTY

Kemur í verslanir 22. nóvember!

„... ein skemmtilegasta
endurminningabók sem
ég hef lesið um árabil.“


Pröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins

„... [Sigurður Pálsson] hefur
einmitt náð rétta tóninum ...“

Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV

„... þetta er unaðsleg bók. Ég
naut hvers einasta kafla og
skældi þegar ég lauk við hana.“

Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is



Hér rekur Sigurður Pálsson minningar sínar frá Frakklandi á árunum 1967–1982 er hann fór þangað til náms, nítján ára prestssonur að norðan. Þetta er jafnframt fyndin og töfrandi lýsing á tíðaranda, aldarspegill mikilla umbrota í vestrænni sögu.

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

> VISSIR PÚ?

Óskarsverðlaunahafinn Charlize Theron þolir ekki að vera fræg. „Að vera elt af sjö bílum þegar ég versla í matinn er bara ekki skemmtilegt,” segir leikkonan, sem skilur ekki þá miklu athygli sem kvikmyndastjörnur fá. „Það er ótrúlegt viðhorf að finnast í lagi að ráðast inn í einkalíf leikara starfs þeirra vegna.”



fólk
folk@frettabladid.is

Paul McCartney með tvær í takinu

Það er nóg að gerast í ástarmálunum hjá Sir Paul McCartney. Hann hefur enn ekki gengið frá skilnaði sínum við Heather Mills en er samt sem áður með tvær konur upp á arminn. Breska blaðið News of the World greindi frá því í gær að McCartney hefði sést á stefnumótum með leikkonunni Rosönnu Arquette. Ekki eru nema þrjár vikur síðan það komst í heimsfréttirnar að Bítillinn fyrrverandi ætti í sambandi við hina forríku Nancy Shevell.

Heimsfréttablaðið heldur því fram að Paul McCartney hafi farið á tvö rómantísk stefnumót með Arquette á einum sólarhring. Þau fóru fyrst í rómant-



SÚ NÝJASTA Leikkonan Rosanna Arquette, frægust fyrir hlutverk sín í Pulp Fiction og Desperately Seeking Susan, er nýjasta ástin í lífi Bítilsins Pauls McCartney.

milli þeirra í veislu í New York í júní síðastliðnum. Þá fór afar vel á með þeim, þótt McCartney hafi

ískan kvöldverð á sunnudagskvöldi og fengu sér svo göngutúr daginn eftir í almenningsgarði í London. „Þau voru eins og táningar á fyrsta stefnumóti. Líkamstjáníning þeirra sagði alla söguna, þau voru næstum samvaxin,” sagði einn viðmælenda blaðsins sem fylgdist með stefnumótinu.

Paul og Rosanna hafa þekkt um nokkra hríð en eitthvað gerðist

á þeim tíma neitað því að ást væri í spilunum. Annað virðist uppi á teningnum núna. Þetta eru hins vegar engin gleðitíðindi fyrir Nancy Shevell. Á meðan Paul var á stefnumótum sínum með Rosönnu var hún heima í Bandaríkjunum. Þar fagnaði hún 48 ára afmæli sínu einsömul. „Það væri gaman að vita hversu mikið Nancy veit um þessa nýju vináttu Pauls. Það eru ekki nema þrjár vikur síðan hann veitti henni nákvæmlega þessa sömu athygli í New York. Hún verður eflaust ekki ánægð,” sagði heimildarmaður blaðsins.



KEMUR VIÐA VIÐ Sir Paul McCartney, sem er 65 ára, virðist vera með tvær konur upp á arminn. Og er enn kvæntur þeirri þriðju. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Beyoncé Knowles** hefur hingað til verið þekktust fyrir R'nB-tónlist sína en hefur nú ákveðið að venda kvæði sínu í kross og flytja bandaríska sveitatónlist. Hún hefur fengið lagahöfundinn Amöndu Ghost til liðs við sig en hún stendur á bak við smellinn You're Beautiful með söngvaranum **James Blunt**.



Erfitt að leika á móti Jóni Gnarr í Næturvaktinni

Leikkonan **Sara Dögg Ásgeirsdóttir** leikur aðalhlutverkið í nýrri íslenskri spennubáttaröð sem fengið hefur nafnið **Pressa** og verður frumsýnd á Stöð 2 í desember. Sara ætti að vera mörgum kunnugleg því hún lék eftirlitskonuna í Næturvaktinni nýverið og aðalhlutverkið í Myrkrahöfðingjanum á sínum tíma.

„Ég var fengin til þess að mæta í prufu fyrir Pressu, fékk hlutverkið og varð auðvitað alveg hoppandi glöð með það,” segir Sara Dögg. „Ég leik unga konu sem heitir Lára og fer að starfa sem blaðamaður á dagblaði. Hún flækist þar inn í spennandi atburðarás, en ég held það sé best að segja sem minnst um hana.“ Margir bíða spennir eftir sýningu þáttanna því að baki þeim stendur einvalalið leikara og handritshöfunda. Þeir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson bjuggu til umgjörðina og í framhaldinu voru margir af bestu glæpasagnahöfundum landsins fengnir til að skrifa einstaka þætti. „Það var mjög gaman að taka þátt í þessu. Það hefur ekki verið gerð svona margra þátta sería af spennubáttum á Íslandi áður. Þetta verður mjög spennandi. Handritið er skothelt og það skemmir aldrei.“

Sara Dögg útskrifaðist úr leiklistarnámi árið 2005 en sjö árum áður lék hún aðalkvenhlutverkið í Myrkrhöfðingjanum eftir Hrafn Gunnlaugsson. „Þá var ég nú bara stelpuskott, ætli ég hafi



SKOTHILT HANDRIT Sara Dögg Ásgeirsdóttir leikur Lára í Pressu, nýjum íslenskum spennubáttum. „Handritið er skothelt og það skemmir aldrei,” segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki verið rétt rúmlega tvítug. Seinna lék ég í Kaldaljósi hjá Hilmar Oddssyni en hef ekki verið í bíómynd síðan, ef frá er talið smáhlutverk í Börnum. Ég var ólétt þegar ég útskrifaðist úr skólanum og langaði að taka mér tíma í að sinna móðurhlutverkinu og upplifa það. Þess vegna byrjaði ég ekki að leika fyrr en síðasta haust. Þá lék ég í Þjóðarsálinni í Reidhóll Gusts og það kveikti á manni eftir að hafa verið í bómullarhnoðranum í smástund. Þessi sköpunarneisti er svo sterkur,” segir Sara Dögg, sem starfar nú í Borgarleikhúsinu og hefur tekið að sér hlutverk í Fýsn eftir áramót.

Hlutverk eftirlitskonunnar sem heimsótti starfsmenn Næturvaktarinnar, fékk að skoða nýtt farartæki Ólafs Ragnars og gerði úttekt á störfum Georgs var erfitt þegar kom að því að halda andlitinu, að sögn Söru Daggar. „Ég sprakk einu sinni alveg skelfilega þegar ég var að leika á móti Jóni Gnarr,” segir Sara Dögg og hlær. „Ég þurfti hreinlega að taka mér pásu til að taka það út. Það var verst þegar maður sá að hinir leikararnir voru við það að gefa sig, þá sprakk maður alveg. Þættirnir voru teknir upp á nóttunni og það skapaðist víst alltaf einhver óróleiki um þrjúleytið!“

sigrunok@frettabladid.is

FRUMSÝND 30. NÓVEMBER

HITMAN
SJÁDU MYNDINA OG SPILAÐU LEIKINN!

SENDU SMS JA HMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU BÍÓMYNIR FYRIR TVÖ, HITMAN LEIKIR, DVD MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA!

9 MÍNER VINNINGAR

Vinnningarverða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klúbb 99 kr/skýtið.

SMÁRRÁ BÍÓ REGNBOGINN



Höfuð, herðar...

Íbúfen®
– Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalekandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannþínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tannrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lífrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.



actavis
hagur í heilsu



Laddi í fókus á Tónlist.is

Plöturnar
Myndböndin
Lögin

Tónlist

Myndbönd

Í fókus - Laddi



Aðeins 899 kr.




Aðeins 899 kr.



Aðeins 899 kr.



Aðeins 899 kr.



Aðeins 899 kr.



Aðeins 699 kr.



Aðeins 1.399 kr.



Aðeins 1.399 kr.

NÝTT!

Myndbönd



Plötur frá 699 kr. - Lög frá 79 kr.



Tónlist.is
Á hvað ert þú að hlusta?

Þú gætir unnið
miða sýninguna
Laddi 6-tugur!



* miðað við 12 mánaða áskrift

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RENDITION ★★★★★ LIB TOPPS.IS SV MBL

AMERICAN GANGSTER ★★★★★

MR. WOODCOCK

ROGUE ASSASSIN

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RENDITION	kl. 5.30, 8 og 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 7 og 10	16
MR. WOODCOCK	kl. 6 og 8	L
ROGUE ASSASSIN	kl. 10	16

www.laugarasbio.is - Miðasala á [midf.is](#)

NÝTT Í BÍÓ!

LÚXUS DAN IN REAL LIFE
DAN Í RAUN OG VERU

RENDITION

WEDDING DAZE
BRÚDKAUPSÍLUN

LÍF RÓSARINNA
LA VIE EN ROSE

ASTARSORG

LIÓN FYRIR LÖMB

ÞETTA ER ENGLAND

SÍÐUSTU SÝNINGAR

SÍÐUSTU SÝNINGAR

FASTERN PROMISES

LOFORD ÚR AUSTRI

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000	REGNBÓGINN SÍMI 551 9000
DAN IN REAL LIFE kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15	DAN IN REAL LIFE kl. 5.45 - 8 - 10.15
DAN IN REAL LIFE LÚXUS kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNA kl. 5.20 - 8 - 10.40
WEDDING DAZE kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	LIONS FOR LAMBS kl. 6 - 8 - 10
BALLS OF FURY kl. 4 - 6 - 8	THIS IS ENGLAND kl. 6 - 8 - 10
JEVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. kl. 4 - 6	
THE HEARTBREAK KID kl. 8 - 10.30	
LIONS FOR LAMBS kl. 10	

HASKALABÍÓ SÍMI 530 1919	MIÐASALA SÍMI 462 3500
RENDITION kl. 5.30 - 8 - 10.30	DAN IN REAL LIFE kl. 8 - 10
EASTERN PROMISES kl. 8 - 10.20	RENDITION kl. 8 - 10.10
SYNDIR FEDRANNA SÍÐUSTU SÝN. kl. 6 - 8 - 10	WEDDING DAZE kl. 6
VEDRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. kl. 5.40 - 8 - 10.20	ROGUE ASSASSIN kl. 6
ELIZABETH kl. 5.30	

SANDBÍÓ www.sandbio.is +354 8900 midf.is

BEOWULF

AMERICAN GANGSTER

FORELDRAR

JESSE JAMES

THE INVASION

ÁLFABAKKA

BEOWULF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 5 - 8	16
JESSE JAMES	kl. 8	16
30 DAYS OF NIGHT	kl. 8 - 10.30	16
MICHAEL CLAYTON	kl. 8 - 10.30	16
ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 8	16
STARDUST	kl. 5.30	16
ASTRÓPÍA	kl. 8	16

SELFOSSI

BEOWULF	kl. 8 - 10.30	16
MR. WOODCOCK	kl. 8 - 10	16

AKUREYRI

BEOWULF	kl. 6 - 8 - 10 - 10	16
ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 8	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 8	16

KEFLAVÍK

BEOWULF	kl. 8 - 10.30	16
WEDDING DAZE	kl. 8	16
30 DAYS OF NIGHT	kl. 10	16

KRINGLUNNI

BEOWULF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 6 - 8	16
FORELDRAR	kl. 6 - 8	16
THE INVASION	kl. 10	16

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í LÓLAGJÖF

Fjórir flottustu leikirnir

Nóvember er stærsti leikjamánuður ársins og vanalega koma stærstu og bestu leikirnir út á þessum tíma. Allir keppa þeir um að verða undir jólatrénu í ár. Fréttablaðið settist niður og skoðaði stærstu leikina fyrir allar helstu tölvurnar. Þetta er það sem stendur upp úr á PC, Xbox 360 og Playstation 3.

Crysis

Nafnið á þessum leik lætur harða fyrstu persónu skotleikja aðdáendur fá kipp í hjartað og tölvurnar þeirra að skjálfa við tilhugsunina. Í leiknum er grafík sem er varla hægt að lýsa og mun líklega sjá tölvubúðum landsins fyrir góðum viðskiptum á næstunni þar sem margir munu eyða ágætis upphæðum til að upplifa leikinn í allri sinni dýrð.



Um hvað snýst leikurinn?

Leikurinn gerist árið 2020 á eyju í Suður-Kínahafi, hópur fornleifafræðinga hefur gert stóra uppgötvun sem Norður-Kórea vill komast yfir og Bandaríkjamenn senda inn hersveit sem útbúin er sérstökum búningum sem gefa notanda þeirra ótrúlega krafta. Sem kemur að góðum notum þegar deildin rekt á heilan skara af geimverum á eyjunni og þarf að berjast fyrir lífi sínu.

Fyrir hvaða tölvu er leikurinn?

Aðeins fyrir PC.

Ratchet & Clank Future: Tools of Destruction

Hopp og skopp leikirnir um Ratchet & Clank hafa notið mikilla vinsælda síðustu árin allt frá því að fyrsti leikurinn kom út fyrir Playstation 2. Núna í byrjun nóvember kemur nýjasti leikurinn í seríunni út, aðeins fyrir Playstation 3, og er hann með gullfallegri grafík sem minnir helst á pixar-teiknimynd.



Um hvað snýst leikurinn?

Ratchet og Clank eru að slaka á í fríi þegar ráðist er á plánetuna sem þeir eru á. Það kemur í ljós að hershöfðinginn Tachyon er að leita að Ratchet og til þess að finna hann leggur hann plánetuna í rúst. Þessi atburðarás er byrjunin á skemmtilegu ferðalagi sem varpar nýju ljósi á fortíð Ratchet's og sýnir nýjar hliðar á Clank.

Fyrir hvaða tölvu er leikurinn?

Aðeins fyrir PS3.

Mass Effect

Mass Effect er nýjasti leikur kanadíska fyrirtækisins Bioware sem er frægt fyrir leiki eins og Baldurs Gate, Knights of the Old Republic og Neverwinter Nights. Allt voru þetta epískir hlutverkaleikir sem gáfu spilaranum ótrúlegt frelsi í spilun og sögu og er Mass Effect engin undantekning.



Um hvað snýst leikurinn?

Árið er 2183 og mannkynið hefur breiðst út til stjarnanna. Mikil ógn steðjar frá vélmennnum Geth sem eru staðráðin í að útrýma öllu lífi. Þú spilar sem Sheppard foringi í Spectre-sérsvettinni og þarf að reyna að bjarga allri vetrarbrautinni frá útrýmingu og þú þarf að fara í ferðalag um hana alla í baráttu þinni við að stoppa vélmennin og illvirkjann sem stjórnar þeim. Sagan er löng og hafa ákvarðanir spilarans áhrif á atburðarás leiksins.

Fyrir hvaða tölvu er leikurinn?

Aðeins á Xbox 360.

Super Mario Galaxy

Hver kannast ekki við píparann hann Mario? Hann sást fyrst í Donkey Kong árið 1981 og hefur síðan þá verið skærasta stjarna Nintendo og birst í nokkrum tugum titla.



Um hvað snýst leikurinn?

Mario Galaxy er nýjasti leikur Mario og sá fyrsti fyrir Nintendo Wii leikjatölvuna. Eins og nærri allir Mario-leikir fjallar þessi leikur um ferðalag Mario í leit að sinni blessuðu prinsessu sem er ávallt dugleg að láta ræna sér. Í þetta skiptið þarf hann að ferðast um ótal stjörnukerfi til að bjarga henni. Leikurinn notar hreyfiskynjum Wii-fjarstýringarinnar á frumlegan og skemtilegan hátt.

Fyrir hvaða tölvu er leikurinn?

Aðeins á Nintendo Wii.

Aðrir flottir leikir í nóvember:

Call of Duty 4 (PC, PS3, 360), Guitar Hero 3 (360, PS3, Wii), The Simpsons (PS3, 360, Wii, PSP) Haze (PS3), Kane & Lynch: Dead Men (PC, 360, PS3), Assassins Creed (PS3, 360).



Örlar á þreytu

Ef væri ég ... er þriðja breiðskífa Regínu Óskar á þremur árum. Sú fyrsta innihélt ábreiðulög, sú næsta frumsamin lög eftir aðra höfundu og nýjasta platan inniheldur lög sem eru eingöngu samin af Regínu sjálfri, ásamt Karli Olgeirssyni sem einnig stjórnaði upptökum og útsetti. Á síðustu plötu fannst mér Regína ná almennilega að hrísta af sér bakraddasöngkonustimpilinn en á Ef væri ég ... stígur Regína skref aftur á bak. Hún er samt miklu meira en einhver bakraddasöngkona, svo það komi nú skýrt fram. Regína er hins vegar ekki sterkur texta- og lagasmíður. Regína fær að sjálfsgöðu stóran plús fyrir að semja á íslensku en textarnir eru ekki upp á marga fiska, þar sem einsleitar klisjur og ódýr kveðskapur fanga mann um of.

Ekki verður samt tekið af Regínu að hún hefur frábæra söngrödd. Það sem mér hefur hins vegar þótt vanta upp á er flutningur hennar sem er helst til of skertur sterkum tilfinningum og einhverri áþreifanlegri stemningu. Textarnir fjalla mest um ástina og lífið og eru flestir á bjartari nótunum. Samt kemst það illa til skila og auðvitað ætti maður að fá þessa stemningu beint í æð en svo er hins vegar ekki.

Af því verður heldur ekki skafið að það votti fyrir örlitilli þreytu á útsetningum Kalla Olgeirs.



TÓNLIST

Ef væri ég ...

Regína Ósk

★★

Bakslag frá síðustu plötu og líður helst fyrir óspennandi laga- og textasmíðar og útpynnatar útsetningar.

Drengurinn hefur verið ákaflega afkastamikill undanfarin ár og hugmyndir hans því margar hverjar útpynnatar. Hér fáum við týpískar tilvísanir í létt diskó, ballöður 10. áratugarins og fleira létmeti sem ná einfaldlega ekki að lyfta lögum upp á hærra plan. Upptöknar eru þó hnökralausar og allt undirspil nokkuð pottþétt. Góð tónlist snýst samt einfaldlega um svo miklu, miklu meira.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Tónleikaferð aflýst

Bandaríska rokk sveitin Velvet Revolver hefur aflýst tónleikaferð sinni um Japan eftir að meðlimir hennar fengu ekki landvistarleyfi. Ástæðan er sú að þeir hafa ekki hreint sakavottorð.

„Innflytjendayfirvöld í Japan, sem taka sífellt harðar á málum, rannsökuðu bakgrunn meðlima sveitarinnar, þar á meðal handtökur þeirra,“ sagði í yfirlýsingu Velvet Revolver. „Við ætlum að áfrýja ákvörðuninni.“

Sjaldgæft er að hljómsveitum sé meinað að koma til Japans þrátt fyrir frekar harða stefnu stjórnvalda með landvistarleyfi og íteulyfjamál. Velvet Revolver spilaði síðast í Japan fyrir tveimur árum án nokkurra vandkvæða. „Við skiljum ekki hvers vegna yfirvöld veita okkur ekki landvistarleyfi eins við fengum árið 2005. Sú tónleikaferð



VELVET REVOLVER Hljómsveitin Velvet Revolver er skipuð fyrrverandi meðlimum Guns N' Roses og Stone Temple Pilots.

gekk mjög vel og var skemmtileg reynsla fyrir okkur. Við elskum Japan og við hlökkum til að snúa aftur þangað.“

Einstakir persónutöfrar

TÓNLEIKAR

Kim Larsen & Kjukken

Vodafone-höllin 24. nóvember

★★★★

Gleðin einkenndi tónleika Kims Larsen og Kjukken í Vodafone-höllinni á laugardagskvöldið. Sviðstilþríf og persónutöfrar Kims sjálfs ásamt góðri frammistöðu meðspilara hans í Kjukken skópu vel heppnaða kvöldstund.

Eitt af því sem var spennandi við tónleika Kims Larsen og Kjukken á laugardagskvöldið var tónleikastaðurinn. Það er alltaf verið að leita að stað til að brúa bilið á milli Nasa/Háskólabíós og Laugardalshallar.

Hið nýja íþróttahús Vals við Hlíðarenda, sem hefur fengið nafnið Vodafone-höllin, gæti komið til greina og mér vitandi voru þetta fyrstu tónleikarnir þar. Salurinn var orðinn nokkuð þétt pakkaður þegar Kim Larsen steig á svið rúmlega níu ásamt hljómsveitinni sinni Kjukken og strax frá upphafi var ljóst að það var góð stemning í salnum.

Kim Larsen er auðvitað einstakur. Tónlistin sem Kjukken spilaði á laugardagskvöldið var ekkert alltaf neitt sérstök. Þetta voru mest rokkslagarar frá ferli Kims, misgóðar lagasmíðar. En það var tvennt sem lyfti þessum tónleikum upp úr meðalmannskunni. Í fyrsta lagi sviðskarakter Kims sjálfs og sviðsframkoma. Karlinn lýsti upp sviðið með svipbrigðum, látbragði og töktum sem maður getur ekki annað en hrifist af og glaðst yfir. Í öðru lagi er Kjukken hörkugott rokkband.

Jesper Rosenkvist trommuleikari var traustur á settinu, nafni hans Haugaard var hreint út sagt frábær á bassanum og hljómsveitarstjórinn og gítarleikarinn Karsten Skovgaard bætti miklu við lögin með úthugsuðu plokki, lykkjum og sólóum. Fjölhæfur og flottur gítarleikari. Sjálfur er Kim finnrubmagítarleikari og tók sig vel út með ferkantaða rauða „Bo Diddley-gítarinn“ og sixpensarann.

Dagskráin samanstóð af lögum frá öllum ferli Kims Larsen. Allt frá Gasolin-lögum eins og Fifi Dong og Rabaldestræde yfir í ný lög af plötum Kjukken. Hápunkturinn kom um miðbik tónleikanna þegar hljómsveitarmeðlimirnir fjórir röðuðu sér upp fremst á sviðinu og tóku órafmagnaðar útgáfur af lögnum Midt om natten, Joanna og Papirsklip.



GLEÐIGJAFI Kim Larsen átti salinn á tónleikunum á laugardagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Þá skein gleðin af hverju andliti í salnum og margir sungu með. Annar hápunktur kom undir lokin þegar sveitin fór í rokkgirinn og tók Rabaldestræde og Kringsat af fiender. Á milli laga sagði Kim sögur og brandara. Allt á dönsku að sjálfsgöðu. Skemmtileg tilbreying það. Eftir hraustlegt upplapp kom bandið aftur og tók tvö lög í viðbót.

Kim Larsen & Kjukken spiluðu í tæpa tvo tíma, yfir tuttugu lög, og tónleikagestir voru almennt mjög sáttir að sjá þegar þeir yfirgáfu staðinn. Vodafone-höllin virðist vera prýðilegur tónleikastaður. Hljómur nokkuð góður og fínt svið. Það er helst að það vanti aðeins fleiri bílastæði ...

Trausti Júlíusson

MERA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landsbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannabjónusta Landsbankans

410 4000 | landsbanki.is



Nú brosa 2.951 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir, **31.971** á árinu.

Á morgun drögum við út 30 milljónamæringa. Verður þú einn af þeim?

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



> Eggert Gunnþór í sviðsljósinu

Eggert Gunnþór Jónsson, leikmaður Hearts í skosku deildinni, hefur vakið mikla athygli undanfarið fyrir góða spilamennsku. Í gær birtist viðtal við Eggert á opinberri heimasíðu skoska liðsins og þar kvaðst Eggert vera ánægður með að hafa fengið tækifæri með A-landsliði Íslands. „Þetta var góð reynsla fyrir mig og mikill heiður og ég vona að ég fái fleiri tækifæri með landsliðinu á næstunni,“ sagði hinn bráðefnilegi Eggert Gunnþór, sem var á sínum stað í byrjunarliði Hearts í 1-1 jafnteflisleik gegn Gretna í gær.

sport
sport@frettabladid.is



GUNNAR MAGNÚSSON, AÐSTOÐARÞJÁLFARI HK: ER STOLTUR AF HK-LIÐINU ÞRÁTT FYRIR STÓRT TAP GEGN FCK Í GÆR

Binnamenn sköpuðu alveg ótrúlega stemningu

HK tapaði 36-24 gegn danska liðinu FCK frá Kaupmannahöfn í Evrópukeppni félagsliða í handbolta í Kaupmannahöfn í gær og er því úr leik í keppninni.

„Ég er náttúrliga frekar svektur með úrslitin, en tölurnar segja nú ekki allan sannleikann og við vorum lengi vel inni í leiknum,“ sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, í viðtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

„Það var í raun einn maður sem gerði algjörlega út af við okkur í leiknum og það var markvörður FCK, Steiner Ege, sem varði í kringum þrjátíu skot og þar af sex vítaskot og fjölmörg dauðfæri. FCK er náttúrliga frábært lið og við mættum því ágætlega í svona fjörutíu mínútur og svo gáfumst við bara upp og ég varð fyrir vonbrigðum með það,“ sagði Gunnar en kvaðst þó stoltur af liði HK.

„Þetta hefur verið frábær reynsla fyrir ungt lið eins og okkur og klúbburinn má vera stoltur af leikmönnum liðsins fyrir framgöngu sína í Evrópukeppninni.



Þetta er nokkuð sem við byggjum á og við ætlum okkur að taka þátt í keppninni aftur við fyrsta tækifæri,“ sagði Gunnar og hrósaði jafnframt frábærum stuðningi sem HK fékk í leiknum.

„Stuðningsmannahópur HK, Binnamenn, klikkar ekki og þeir sem og aðrir aðstandendur HK ytra fjölmenntu á leikinn og sungu í 60 mínútur og sköpuðu ótrúlega stemningu. Ég hef aldrei áður séð annan eins stuðning hjá útlendi í Evrópukeppninni og það var mikill sómi að þessu og skemmtileg upplifun fyrir mig og alla tengda HK-liðinu,“ sagði Gunnar ánægður.

Augustas Strazdas var atkvæðamestur hjá HK með fimm mörk, Ólafur Bjarki Ragnarsson, Gunnar Steinn Jónsson og Sergey Petraytis skoruðu fjögur mörk hver og Egídjús Petkevicius varði 15 skot í markinu. Íslendingurinn í liði FCK, Arnór Atlason, skoraði eitt mark fyrir Kaupmannahafnarliðið en það var eins og áður sagði markvörður liðsins sem stal senunni að þessu sinni.



SÁTTUR Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari landsliðsins, var sérstaklega sáttur með að Ísland lenti í riðli með Hollendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pétur Pétursson:

Frábært að fá Hollendinga

FÓTBOLTI Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari landsliðsins, var viðstaddur beina útsendingu Sjónvarpsins frá drættinum í Durban í Suður-Afríku í gær og var virkilega sáttur með niðurstöðuna þegar Fréttablaðið tók tali á honum í gær.

„Þetta er náttúrliga hörkuriðill, en það eru ýmsir möguleikar í stöðunni,“ sagði Pétur og ítrekaði að það hentaði Íslandi til að mynda vel að spila á móti bæði Skotum og Norðmönnum.

„Þetta eru skemmtileg og sterk lið, en Skotar hafa til að mynda verið að spila 4-4-2 leikkerfið og það hentar okkur einhvern veginn ágætlega að mæta þeim. Það sama má segja um Norðmenn, að það hentar okkur vel að spila á móti þeim, sérstaklega samanborið við frændur okkar Dani og Svía. Við fengum Makedóníu en ég held að menn séu almennt sáttir með að sleppa við lið eins og Króatíu, Rússland og fleiri þjóðir í Austur-Evrópu sem hafa reynst okkur erfiðar í gegnum árin,“ sagði Pétur, sem var sérstaklega sáttur með að Ísland lenti með Hollandi í riðli.

„Ég var búinn að segja Óla að við myndum fá Hollendinga og það var draumaliðið mitt verð ég að játa, þó svo að flestir Íslendingar hafi líklega viljað fá Englendinga. Skemmtilegast hefði auðvitað verið að fá bæði liðin. Ég var náttúrliga atvinnu- maður með Feyenoord í hollensku deildinni og hef því fylgst vel með hollenskum fótbolta og það verður frábært að koma aftur á gamla heimavöllinn í Rotterdam þar sem Hollendingar spila heimaleiki sína,“ sagði Pétur. - 6p

Glæsilegt verkefni fyrir landsliðið

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, voru viðstaddir drátt fyrir undankeppni Heimsmeistaramótsins í Suður-Afríku árið 2010 í gær. Þeir félagar voru að mestu leyti ánægðir með riðilinn sem Ísland dróst í, 9. riðil, en hefðu þó vitanlega frekar kosið að vera í sex landa riðli.

FÓTBOLTI Dregið var í gær í riðla fyrir undankeppni Heimsmeistaramótsins í fótbolta sem fram fer í Suður-Afríku árið 2010 og lentu Íslendingar í níunda riðli ásamt Hollandi, Skotlandi, Noregi og Makedóníu. Þetta er eini fimm liða riðillinn í undankeppninni.

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, var viðstaddur dráttinn í gær, sem fram fór í Durban í Suður-Afríku, ásamt þeim Geir Þorsteinssyni formanni og Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands, og voru þeir að mestu leyti sáttir með riðil Íslands.

„Fyrstu viðbrögð mín eru að ég er mjög sáttur með niðurstöðuna og þetta eru flottar þjóðir sem við eigum eftir að spila á móti,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þetta eru vissulega allt mjög sterkar þjóðir en ég held samt að við eigum ágæta möguleika á móti þeim öllum og þá vitaskuld sérstaklega á heimavelli. Þetta er því sannarlega glæsilegt verkefni fyrir íslenska landsliðið, það er engin spurning,“ sagði Geir og Ólafur tók í sama streng.

„Hollendingar eru náttúrliga frábær knattspyrnuþjóð og það verður gaman að mæta þeim,



SÁTTIR Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, eru spenntir fyrir komandi verkefnum hjá íslenska landsliðinu sem spilar í níunda riðli í undankeppni HM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skotar spiluðu vel í undankeppni Evrópukeppninnar og voru óheppnir að komast ekki áfram, en Ísland hefur tekið stig á móti þeim í undankeppnum áður og það er kostur. Norðmenn eru okkur auðvitað að góðu kunnir og þeir eru alltaf erfiðir. Ég verð nú bara

að játa að ég þekki ekki mikið til Makedóníu, en við höfum oftast lent í miklum erfiðleikum með austantjaldsþjóðirnar þannig að þeir verða væntanlega mjög hættulegir,“ sagði Ólafur en kvaðst þó ósáttur með að hafa lent í eina fimm liða riðlinum í undankeppninni.

„Það hefði auðvitað verið betra að vera í sex liða riðli og fá fleiri leiki til að spila og því ljóst að við verðum að sætta okkur við að spila æfingarleiki þegar það verður okkar hlutskipti að sitja hjá í riðlinum. Að sama skapi hefði auðvitað verið betra að fá lið úr neðsta styrkleikaflokknum með í riðilinn af augljósum ástæðum, en við getum svo sem ekkert verið að kvarta. Á móti kemur að flest löndin í riðlinum okkar eru tiltölulega nálægt okkur sem ætti að bjóða upp á þægileg ferðalög og það er vissulega kostur,“ sagði Ólafur að lokum.

omar@frettabladid.is

UNDANKEPPNI HM 2010

Riðil 9:

Holland
Skotland
Noregur
Makedónía
Ísland

West Ham og Tottenham skildu jöfn, 1-1, í miklum baráttuleik í ensku úrvalsdeildinni á Upton Park í gær:

Green enn á ný bjargvættur West Ham

FÓTBOLTI Íslendingaliðið West Ham gerði 1-1 jafntefli við Tottenham í ensku úrvalsdeildinni í gær á heimavelli sínum, Upton Park.

West Ham tók forystu í leiknum á 20. mínútu þegar Carlton Cole náði að skora eftir slæm mistök Younes Kaboul, varnarmanns Tottenham. Kaboul missti boltann til Luis Boa Morte sem sendi inn fyrir vörnina á Norberto Solano, sem í stað þess að skjóta úr upplögðu færi gaf boltann út í teiginn á Carlton Cole sem skoraði í autt markið. Tottenham fékk þó sín færi og þegar fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik átti sér stað umdeilt atvik þegar Tottenham vildi fá vítaspyrnu. Robert Green, markvörður West Ham, virtist fella Robbie Keane en Mike Riley dómari dæmdi ekki neitt.



HETJA OG SKÚRKUR Robert Green átti sök á marki Tottenham, en varði svo vítaspyrnu í lok leiks.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikmenn Tottenham mættu ákveðnir til seinni hálfleiks og Steed Malbranque fékk upplagt færi til að jafna leikinn strax á 50. mínútu, en hann skaut framhjá

markinu úr góðu færi. Juande Ramos, stjórnari Tottenham, var ekki að hika við hlutina heldur, því stuttu síðar tók hann varnarmanninn Kaboul út af og setti sóknar-

manninn Darren Bent inn á í hans stað. Skiptingin má segja að hafi borið árangur því Tottenham hélt áfram að sækja og náði loksins að jafna leikinn á 66. mínútu með skallamarki Michael Dawson eftir aukaspyrnu utan af vinstri kanti. Liðin skiptust svo á að sækja á lokakafla leiksins en illa gekk að nýta færin hjá leikmönnum liðanna og allt stefndi í jafntefli.

Í uppbótartíma dró hins vegar til tíðinda þegar varamaðurinn Jermain Defoe, leikmaður Tottenham, féll í teig West Ham og Mike Riley dæmdi vítaspyrnu. Defoe, sem lék áður með West Ham, tók vítaspyrnuna sjálfur en Robert Green gerði sér lítið fyrir og varði vítið. En Green lék sama leikinn um daginn gegn Portsmouth við sömu aðstæður. - 6p



Fær fjölskylda þín endurgreiðslu?

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót

og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

75 ára

SPRON

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga





LOKSINS SIGUR Isiah Thomas, þjálfari New York Knicks, tórir enn í starfi eftir langþráðan sigur í fyrrinótt.

NORDICPHOTOS/GETTY

NBA-deildin í körfubolta: Knicks sigraði

KÖRFUBOLTI Leikið var í NBA-deildinni í fyrrinótt og helst ber að nefna að Boston Celtics vann sinn ellefta leik af tólf gegn Charlotte Bobcats, 96-95, og New York Knicks náði langþráðum sigri, 85-78, gegn Chicago Bulls.

New York Knicks var búið að tapa átta leikjum í röð og því var sigurinn gegn Chicago Bulls kærkominn, ekki síst fyrir þjálfara Knicks, Isiah Thomas, sem talinn er standa tæpt í starfi.

„Í New York ertu annaðhvort dauður eða lifandi, eftir því hvort þú vinnur eða tapar leik, og eftir þennan leik erum við á lífi og njótum hylli,“ sagði Thomas í leikslok.

- óþ

Tyrkirnir engin fyrirstaða

Fram vann Tur II Özel Idare 36-20 í seinni leik liðanna í EHF-áskorendakeppni Evrópu í Safamýrinni í gær og komst því örugglega áfram í sextán liða úrslit.

